



Reglur um lýsingu við íbúðarhúsnæði utan þéttbýlis í Hvalfjarðarsveit.

1.gr.

Sveitarstjórn Hvalfjarðarsveitar hefur ákveðið að eigendur íbúðarhúsnæðis sem hafa fasta búsetu utan þéttbýlis í Hvalfjarðarsveit geti óskað eftir að sveitarfélagið setji upp einn ljósastaur við húsnæði þeirra

2.gr.

Hvalfjarðarsveit greiðir fyrir ljósastaurinn og kostar uppsetningu. Hvalfjarðarsveit áskilur sér rétt til að takmarka uppsetningu nýrra staura í samræmi við fjárhagsáætlun sveitarfélagsins hverju sinni.

3.gr.

Uppsettir ljósastaurar eru eign Hvalfjarðarsveitar og ber sveitarfélaginu að sjá um eðlilegt viðhald þeirra, en notandi greiðir fyrir notkunina.

4.gr.

Sótt skal um uppsetningu og viðhald ljósastaura á skrifstofu Hvalfjarðarsveitar.

5.gr.

Reglur þessar taka gildi frá og með 15. apríl 2008.

Samþykkt af sveitarstjórn Hvalfjarðarsveitar 15. apríl 2008

Hallfreður Vilhjálmsson
oddviti Hvalfjarðarsveitar